

Því úrskurðast:

Gunnar Pálmason fær greiddar af uppboðsvirði kr. 145.720.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 2/1971. **Heildverzlun Guðlaugs Br. Jónssonar**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Friðriksdóttur
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1971. Krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2.552.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi, er eigi í ljós leitt, að samizt hafi með aðiljum um greiðslu tímakaups fyrir störf stefnda eftir 1. maí 1968 né um starf hennar til ákveðins tíma. Að svo vöxnu þykir stefndi eiga rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda vegna fyrirvaralausrar frávikningar úr starfi. Eins og málsatvikum er háttað, þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi viðurkennt að skulda stefnda í laun og orlofsfé frá 1. desember 1967 til 1. maí 1968, samtals kr. 2.552.00.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 17.552.00 (15.000.00 + 2.552.00) með 7% ársvöxtum frá 1.

september 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Heildverzlun Guðlaugs Br. Jónssonar, greiði stefnda, Guðrúnu Friðriksdóttur, kr. 17.552.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, þann 18. þ. m., hefur Guðrún Friðriksdóttir, Drápuhlíð 35, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1969, gegn Þorgrími Guðlaugssyni, Laugavegi 81, Reykjavík, f. h. Heildverzlunar Guðlaugs Br. Jónssonar, Laugavegi 81, Reykjavík.

Í stefnu málsins eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 46.253.00 með 12% ársvöxtum frá 1. september 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Í munnlegum málflutningi lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína þannig, að hann krafðist 8% ársvaxta af sömu fjárhæð sama tíma, en gerði að öðru leyti sömu dómkröfur og í stefnu.

Stefndi hefur krafizt sýknu í málinu og að honum verði til dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málavextir eru þeir, að hinn 15. ágúst 1967 réðst stefnandi, sem er gagnfræðingur að mennt, til starfa á skrifstofu hjá stefnda um óákveðinn tíma gegn greiðslu mánaðarkausps, fyrst kr. 12.000.00 á mánuði, en síðan kr. 14.000.00 á mánuði. Ekki var gerður skriflegur samningur um ráðninguna. Með bréfi, dags. 31. janúar 1968, sagði stefndi stefnanda upp störfum með 3ja mánaða uppsagnarfresti, þannig að hún skyldi hætta störfum 1. maí 1968, en um atvik í því sambandi greinir aðilja málsins á. Báðir hafa þeir komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Stefnandi sagðist vera félagi í Verzlunrmanafélagi Reykjavíkur, en af samningum þess félags hafi hún ekki haft neina hliðsjón, þegar hún réðst til starfa hjá stefnda, og raunar ekki gert ákveðn-

ar launakröfur. Stefndi hafi borgað henni kr. 12.000.00 á mánuði fyrstu tvo mánuðina, en síðan hafi kaupði verið hækkað í kr. 14.000.00 á mánuði. Stefndandi sagðist hafa unnið hjá stefnda við gjaldkerastörf, símaförzlu, að skrifa út nótur og smávegis við bókfærslu.

Stefndandi sagði, að skömmu fyrir mánaðamótin apríl/maí 1968 hafi hún spurt Þorgrím Guðlaugsson að því, hvort hún ætti að halda áfram störfum eftir 1. maí, og hafi hann játað því. Hins vegar hafi hún ekki beðið Þorgrím um að fá að vera áfram. Stefndandi sagði og, að fyrir 1. maí 1968 hafi það komið fram í samtölum hennar og Þorgríms, að uppsögn samkvæmt uppsagnarbréfi, slr. dskj. nr. 7, hafi aðeins verið varúðarráðstöfun af hálfu stefnda, þar sem samdráttur væri í fyrirtækinu. Um áframhaldandi ráðningu hafi ekki verið gerður skriflegur samningur og ekki hafi verið talað um, að hún ynni á tímakaupi eftir 1. maí. Þorgrímur hafi hins vegar talað um, að hún ætti að fá herra kaup, og einnig hafi hann rætt um breytingu á vinnutíma, en henni hafi skilzist svo, að að öðru leyti yrðu ráðningarkjör hennar þau sömu og verið höfðu.

Stefndandi sagði enn fremur, að hún hefði ekki tekið neitt frí þann tíma, sem hún vann hjá stefnda, og um sumarfrí hefði ekki verið talað.

Stefndandi sagði og, að eftir að hún hætti störfum hjá stefnda, hafi hún unnið hjá Vörubílstjórastofnuninni í Reykjavík og hafi hún byrjað þá vinnu þann 11. júní 1968, að því er hana minnti. Þar hafi hún unnið frá kl. 1300 til kl. 1900 á daginn, óslitið um sumarið og veturinn næsta. Þar hafi hún fengið kr. 9.500.00 í kaup á mánuði.

Á dskj. nr. 6 er svohljóðandi kaupuppgjör:
„Reykjavík, 31. maí 1968.

Frk. Guðrún Friðriksdóttir, Melholti 10, R.

Í dag hefur Guðl. Br. Jónsson, Laugavegi 81, Rvík, greitt mér vinnulaun fyrir tímana í maí:

159 tímar á kr. 67.85	kr. 10.788.15
6½ tímar á kr. 100.84, kr. 655.46 .. —	11.443.61
+ 7% orlof	— 801.05

Kr. 12.244.66

÷ fyrirframgreiðsla — 1.045.81

Samtals kr. 11.198.85,

sem hér með kvittast fyrir. Guðrún Friðriksdóttir er þá hér með skuldlaus við okkur og við við hana. Fyrirvarar af hendi Guðrúnar ekki teknir til greina“.

Neðst á skjali þessu er handskrifað eftirfarandi:

„Þar sem ég tel, að fullnaðargreiðsla hafi ekki farið fram, kvitta ég undir þetta með fyrirvara. Guðrún Friðriksd.“.

Fyrir rétti hefur stefnandi sagt, að hún hafi skrifað undir umræddan fyrirvara með það í huga, að hún ætti m. a. rétt á orlofsgreiðslum og greiðslum fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest, en hins vegar sagðist hún ekki muna, hvort rætt hafi verið um 3ja mánaða uppsagnarfrest, er hún skrifaði undir fyrirvarann.

Þorgrímur Guðlaugsson verzlunarmaður, eigandi hins stefnda fyrirtækis, sagði fyrir dómi, að hann hefði ráðið stefnanda til reynslu um óákveðinn tíma fyrir mánaðarkaup, sem hann sagðist ekki alveg muna, hvert hafi verið. Um ráðninguna hafi ekki verið gerður skriflegur samningur.

Þorgrímur sagði, að stefnandi hefði komið til vinnu, eftir að uppsagnarfrestur var liðinn, og borið sig aumlega og óskað eftir því að fá að vinna áfram í nokkra daga. Þar sem svo lítið hafi verið að gera, hafi hann fallið á það og sagt henni, að hún mundi fá tímakaup. Þorgrímur hélt, að ekki hafi verið rætt um ákveðna fjárhæð, en hann hafi gert upp við stefnanda með kr. 100.00 á tímann, að því er hann minnti.

Þá sagði Þorgrímur, að þegar 27. maí hafi verið kominn, hafi hann sagt stefnanda, að hún yrði að hætta, enda hafi hann þá átt völ á öðrum betri starfskrafti.

Þorgrímur sagði, að þegar hann hafi ætlað að gera upp við stefnanda, sbr. dskj. 6, hafi hún skrifað fyrirvara á uppgjörið og hafi hann þá ekki viljað ganga frá greiðslum og sent málið til lögfræðings.

Þorgrímur sagði, að stefnandi hefði sætt sig við að fá tímakaup og hafi ekki minnst á, að hún teldi sig eiga 3ja mánaða uppsagnarfrest aftur.

Vitnið Matthías Gíslason, endurskoðandi bókhalds stefnda, sagði fyrir dómi, að hann hefði það eftir Þorgrími, að hann hefði sagt stefnanda upp störfum og hafi hún átt að hætta 1. maí 1968. Hann, Þorgrímur, hafi hins vegar beðið stefnanda að vinna áfram á tímakaupi, þar sem þýzk stúlka, sem unnið hafði hjá Þorgrími áður, mundi ef til vill fást til að koma aftur í vinnu einhvern tíma í maí.

Stefnandi heldur því fram, að eftir hina bréflegu uppsögn, er

miðaðist við 1. maí 1968, hafi hún verið látin halda áfram störfum án nokkurra skilyrða af hálfu stefnda, þar til hún hafi verið látin hætta fyrirvaralaust þann 27. maí 1968. Styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að þar sem hún hafi unnið áfram hjá stefnda án nokkurra sérstakra skilyrða, eftir að hinn löglegi uppsagnarfrestur var liðinn og hún hafi ekki brotið af sér í starfi, sem réttlætti uppsögnina hinn 27. maí 1968, eigi hún rétt á bótum, er svari til launa fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest, og sé stefnukrafan við það miðuð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að fullt samkomulag hafi verið um það, að stefnandi ynni hjá stefnda eftir 1. maí 1968 um óákveðinn tíma og að hún skyldi fá goldin laun samkvæmt tímavinnu. Hafi stefndi greitt stefnanda laun samkvæmt því, sbr. dskj. nr. 6. Á því dómsskjali komi skýrt fram, að fyrirvarar af hálfu stefnanda séu ekki teknir til greina. Í fyrirvara af hálfu stefnanda, sem ritaður sé á skjalið, sé þess eigi getið, að stefnandi geri kröfu um þriggja mánaða uppsagnarfrest, enda sé slíkt fjarri lagi. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður, enda hafi einungis verið um tímavinnu að ræða. Kröfur stefnanda séu því ólöglegar og þó sérstaklega ósanngjarnar.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína í samræmi við útreikninga í greinargerð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 3, þannig:

„1. Ógr. kaup frá 27/5—31/5 '68, 5 dagar á 480.00 kr.	2.400.00
2. Uppsagnarfrestur frá 1/6—31/8 '68, 3 mán. á 12.000.00	— 36.000.00
3. Ógr. vísitala á laun, 3.39% frá 1/12 '67—3/18 '68, 470.00×9	— 3.663.00
4. Ógr. vísitala á laun frá 18/3—1/6 '68, 300.00×2½	— 750.00
5. Ógr. vísitala á laun frá 1/6—31/8, 138.00×3 —	414.00
	Kr. 43.227.00
6. 7% orlof á kr. 43.227.00	— 3.026.00

Samtals kr. 46.253.00“.

Eins og mál þetta er lagt í dóm, er óhjákvæmilegt að líta svo á, að er stefnandi vann áfram hjá stefnda frá og með 1. maí 1968,

hafi stofnast nýr starfssamningur sama efnis og sá, er féll niður fyrir uppsögn af hálfu stefnanda, miðað við sama tíma, enda er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þá hafi verið samið um starf til ákveðins tíma, um greiðslu tímakaups og að starf stefnanda hjá stefnda hafi í nokkru breytzt eftir þann tíma.

Uppsögnin 27. maí 1968 hefur ekki verið réttlætt hér fyrir dómi, og á því stefnandi, sem var meðlimur í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, rétt á bótum vegna fyrirvaralausrar starfsuppsagnar, miðað við mánaðamót, er svari til þriggja mánaða uppsagnarfrests á þeim launum, sem stefnandi hefði átt rétt á hjá stefnda, ef henni hefði ekki verið sagt upp, enda verður stefnandi talinn hafa haft nægilegan fyrirvara við móttöku á launum, sbr. dskj. nr. 6, og eigi hafa fyrirgert framangreindum rétti af þeim ástæðum.

Við munnlegan málflutning var kröfu stefnanda um orlofsfé mótmælt af hálfu stefnda með þeim rökum, að í kaupi stefnanda hafi það verið innifalið. Að svo hafi verið, er ósannað af hálfu stefnda, og þegar af þeirri ástæðu verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Við munnlegan málflutning var kröfu stefnanda um vísitöluuppbót á launin mótmælt af hálfu stefnda. Þau mótmæli eru órökstudd, og verður krafa stefnanda því einnig tekin til greina að þessu leyti.

Við munnlegan málflutning benti lögmaður stefnda á, að stefnandi hefði aðeins verið atvinnulaus skamman tíma, þar sem hún hafi byrjað störf hjá öðrum 11. júní 1968.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 91/1965, sbr. dómasafn réttarins 1966, bls. 70, verða eigi talin efni til að lækka bótafjárhæðina vegna launa, sem stefnandi hafði frá öðrum eftir 27. maí 1968.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 46.253.00 ásamt vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.600.00.

Dómari í málinu var Björn Þ. Guðmundsson.

Dómsorð:

Stefndi, Þorgrímur Guðlaugsson f. h. Heildverzlunar Guðlaugs Þr. Jónssonar, greiði stefnanda, Guðrúnu Friðriksdóttur, kr. 46.253.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1968 til

greiðsludags og kr. 9.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. maí 1971.

Nr. 44/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ingólfi Kristjánssyni

(Ingi H. Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn, m. a. ljósrit af hlaupareikningi ákærða við Landsbanka Íslands. Ber það með sér, að hinn 18. marz 1969 er lagt inn á reikninginn kr. 7.000.00, og er innstæða á honum þá kr. 16.682.36. Næsta dag, 19. marz, greiðir bankinn þrjá tákka, er bera lægri númer en tékki sá, sem mál þetta er af risið. Er innstæða þá á reikningnum kr. 10.722.36 og nemur ekki kr. 15.000.00 eða hærri fjárhæð fyrr en 27. s. m., er ákærði leggur inn á reikninginn kr. 9.000.00, og er innstæða þá kr. 19.613.86.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en eftir atvikum þykir mega ákveða að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærða í eitt ár frá uppsögu dóms þessa að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir rétt að vísa fjárkröfu Stefáns Jóhannssonar frá sakadómi, enda eðlilegast, að um hana verði fjallað í almennu dómsmáli í sambandi við rift-unarkröfu ákærða á kaupum bifreiðarinnar H 158, ef til slíks máls kemur.